

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á öðrum ársfjórðungi 2011

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á öðrum ársfjórðungi 2011 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður mældist óhagstæður um 58 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi samanborið við 45,8 ma.kr. óhagstæðan jöfnuð fjórðunginn á undan. Afgangur af vöruskiptum við útlönd var 14,6 ma.kr. og 15,9 ma.kr. á þjónustuviðskiptum. Jöfnuður þáttatekna var hinsvegar neikvæður um 88,5 ma.kr.

Halla á þáttatekjum má eins og áður rekja til innlánsstofnana í slitameðferð. Reiknuð gjöld vegna þeirra námu 44,4 ma.kr. og tekjur 7,5 ma.kr. Jöfnuður þáttatekna án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð var óhagstæður um 51,5 ma.kr. og viðskiptajöfnuður 21,1 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.358 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 14.303 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 9.945 ma.kr. og lækka nettóskuldir um 32 ma.kr. á milli ársfjórðunga. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 2.470 ma.kr. og skuldir 3.354 ma.kr. og var hrein staða þá neikvæð um 885 ma.kr.

Erlend verðbréfaeign

Erlend verðbréfaeign innlendra aðila hefur verið endurmetin með hliðsjón af bráðabirgða niðurstöðum úr árlegri könnun á verðbréfafjárfestingu á milli landa (Coordinated Portfolio Investment Survey). Endanleg niðurstaða verður birt á vef bankans í september². Könnunin hefur verið framkvæmd að frumkvæði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og er unnin af starfsmönnum Seðlabanka Íslands. Hún er framkvæmd í yfir 70 löndum en niðurstöður úr henni verða birtar á vef sjóðsins seinna á árinu³.

Bein erlend fjárfesting

Flæðistærðir lánaviðskipta frá fyrsta ársfjórðungi 2010 til fyrsta ársfjórðungs 2011 hafa verið endurskoðaðar með hliðsjón af

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.seðlabanki.is>

² Sjá *Erlend verðbréfaeign og landaskipting hennar í árslok 2010* <http://www.seðlabanki.is/?pageid=444&itemid=d3cc8bc0-07dc-4e07-bac4-aaa226216292&nextday=28&nextmonth=9>

³ Sjá <http://www.imf.org/external/np/sta/pi/global.htm>

endurskipulagningu lánakrafna og lánaskulda í beinni erlendri fjárfestingu á tímabilinu. Endurskoðaðar tölur um beina fjárfestingu fyrir árið 2010 skipt niður á lönd og atvinnugreinar verða birtar 8. september nk⁴.

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma

	<u>2010, II</u>	<u>2010, III</u>	<u>2010, IV</u>	<u>2011, I</u>	<u>2011, II</u>
Viðskiptajöfnuður	-75,1	-11,2	-66,8	-45,8	-58,0
Útflutningur vöru og þjónustu	222,0	231,0	213,9	200,5	229,6
Innflutningur vöru og þjónustu	-177,2	-180,6	-181,6	-175,8	-199,1
Þáttatekjur og framlög, nettó	-119,8	-61,6	-99,1	-70,5	-88,5
Fjármagnsjöfnuður	-15,9	-2,0	288,1	-9,4	-162,1
Fjármagnshreyfingar án forða	85,2	-66,5	470,8	65,3	-111,2
Erlendar eignir, nettó	-51,5	59,3	457,7	-18,0	-59,0
Erlendar skuldir, nettó	136,8	-125,8	13,2	83,3	-52,2
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-101,0	64,5	-182,7	-74,7	-50,9
Skekkjur og vantalið nettó	91,0	13,2	-221,3	55,2	220,1
<i>Liðir til skýringar:</i>					
Viðskiptajöfnuður án áhrifa gömlu bankanna	-48,1	21,0	-30,9	-8,7	-21,1

Tafla 2. Erlend staða þjóðarbúsins í lok ársfjórðungs á verðlagi hvers tíma

	<u>2010, II</u>	<u>2010, III</u>	<u>2010, IV</u>	<u>2011, I</u>	<u>2011, II</u>
Erlendar eignir, alls	4.228	3.998	4.090	4.274	4.358
Bein fjárfesting erlendis	1.195	1.083	1.281	1.236	1.252
Erlend markaðsverðbréf	888	937	808	867	920
Aðrar fjáreignir en forði	1.583	1.491	1.333	1.405	1.358
Gjaldeyrisforði	562	487	667	765	828
Erlendar skuldir, alls	14.446	13.593	13.763	14.251	14.303
Bein fjárfesting á Íslandi	1.067	1.051	1.354	1.443	1.503
Innlend markaðsverðbréf	3.819	3.497	3.176	3.099	2.979
Aðrar erlendar skuldir	9.560	9.045	9.233	9.710	9.821
Hrein staða við útlönd	-10.218	-9.595	-9.673	-9.977	-9.945
<i>Liðir til skýringar:</i>					
Hrein staða við útlönd án innlánsstofnana í slitameðferð	-1.007	-1.038	-846	-915	-885

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.

⁴ Sjá <http://www.sedlabanki.is/?PageID=291>